



Fundargerð

418. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Fimmtudaginn 8. mars 2018 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Práinsson oddviti (VP), Karl Kristjánsson (KK) varaoddviti, Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 8 blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt samhljóða að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál, var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 417. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 8. febrúar 2018.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd 5. mars 2018.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1604001 - Deiliskipulag Dals í Kvígindisfirði.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.2 1505002 - Deiliskipulag Kirkjuból.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar, skipulagsfulltrúa falið að afgreiða skipulagið til Skipulagsstofnunar skv. 41. gr. laga 123/2010. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

3. Stjórn Barmahlíðar 8. mars 2018.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

Sveitastjórn samþykkir bókun stjórnar um styrk vegna námsferðar starfsmanna. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

4. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps 21. febrúar 2018.

Farið yfir fundargerðina.

3.1 1803001 - Hækkun á fjárhagsaðstoð til einstaklinga.

Sveitarstjórn samþykkir hækkun fjárhæðar fjárhagsaðstoðar í kr. 160.000,- á mánuði. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu

1. 1708019 - Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018 vegna vegagerðar um Vestfjarðarveg 60.

Ákvörðun um leiðarval í aðalskipulagstillögu, niðurstaða samanburðar.

Sveitarfélagið hefur við vandlega skoðun ákveðið að velja leið Þ-H inn á tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Leitað hefur verið leiða til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif leiðar Þ-H, kannað ítarlega hvort unnt sé að draga úr kostnaði við leið D2 og auka umferðaröryggi þeirrar leiðar til að hún verði a.m.k. sambærileg og leið Þ-H og skoðað mismunandi útfærslur valkosta. Aflað hefur verið nýrra gagna til að draga úr óvissu um áhrif á umhverfið og upplýsa betur um samfélagsáhrif tímasetninga samgöngubóta. Jafnframt hefur verið litið til þeirra athugasemda, umsagna og ábendinga sem komu fram á kynningartíma vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingarinnar.

Reykhólahreppur telur ljóst að leið Þ-H hafi umfangsmeiri neikvæð umhverfisáhrif í för með sér en leið D2. Hins vegar hafi hún jákvæðari samfélagsáhrif og bætir samgöngur og eykur umferðaröryggi meira en leið D2. Þá er verulegur munur á kostnaði þessara framkvæmdakosta, sem er slíkur að hann er líklegur til að hafa afgerandi áhrif á tímasetningar samgöngubóta.

Sveitarfélagið telur brýna þörf fyrir samgöngubætur, sem felst í auknu umferðaröryggi, aukinni greiðfærni og styttingu leiða. Sú þörf taki til mun fleiri hagsmuna en Reykhólahrepps eingöngu, þar sem hagsmunir ná til allra Vestfjarða. Óásættanleg bið hefur verið á samgöngubótum. Upplýsingar frá yfirvöldum um að leið D2, sem hefur minni umhverfisáhrif í för með sér, geti orðið til þess að seinka framkvæmdum enn frekar, geri það að verkum að Reykhólahreppur telur að hagsmunir samfélagsins vegna bættra samgangna séu meiri en þau neikvæðu umhverfisáhrif sem þau hafi í för með sér.

Að teknu tilliti til samfélagsáhrifa, umhverfisáhrifa, samgöngubóta, tímasetninga, mótvægisáðgerða og vöktunar leggur sveitarfélagið til að setja leið Þ-H í aðalskipulag sveitarfélagsins með ákveðnum skilmálum.

Við samanburð valkosta um veglínu Vestfjarðavegar í Reykhólahreppi hefur sveitarstjórn litið til fyrirbyggjandi gagna, markmiða og efnisgreina náttúruverndarlaga, ítarlegri rannsókn á botndýralíf, straum- og rofi, fiskungviði, samfélagsáhrifum, viðbragða Vegagerðarinnar við spurningum sveitarfélagsins og umsagna og ábendinga hagsmunaaðila, landeiganda og annarra við aðalskipulagsgögn. Reykhólahreppur mun leggja fram ítarlega skilmála í tillögu að aðalskipulagi til að tryggja að umhverfisáhrifin verði ekki meiri en nauðsyn er.

Lagaleg umgjörð

Við ákvörðun um leiðaval var m.a. litið til eftirfarandi ákvæða í lögum um náttúruvernd, lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulagslög.

Verndarmarkmið og ákvæði í náttúruverndarlögum nr. 60/2013, m.a.:

- *Verndarmarkmið náttúruverndarlaga, sérstaklega 2. og 3. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi, tegundir, jarðminjar og landslag.*

- Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúru-minjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.
- Sýna skal sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á C-hluta náttúru-minjaskrár til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minnki og verndarstaða þeirra versni.
- Öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra.
- Við töku hvers kyns ákvarðana sem áhrif geta haft á friðuð vistkerfi, vistgerðir eða tegundir skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar.
- Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til.

Markmiða laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, m.a.:

- Að matsferlinu sé fyrst og fremst ætlað að tryggja að við veitingu framkvæmdaleyfis liggi fyrir helstu upplýsingar um þá þætti umhverfisáhrifa framkvæmdar sem máli skipta og að tekið sé mið af þessum upplýsingum og samráði við stofnanir og almenning við útgáfu framkvæmdaleyfis.
- Að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Markmið skipulagslaga nr. 123/2010, m.a.:

- Að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi.
- Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Umhverfisáhrif

Sveitarstjórn telur að leið Þ-H mun hafa neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, sem felast helst í áhrifum á landslag, sjávarfitjar og leirur og birkiskóg. Sveitarstjórn hefur leitað leiða til að draga sem mest úr áhrifum og aflað frekari gagna til að draga úr óvissu.

Sveitarfélagið telur ljóst að leið Þ-H hafi umfangsmeiri neikvæð umhverfisáhrif í för með sér en leið D2. Hins vegar hafi hún jákvæðari samfélagsáhrif og bætir samgöngur og eykur umferðaröryggi meira en leið D2. Þá er verulegur munur á kostnaði þessara framkvæmdakosta, sem er slíkur að hann er líklegur til að hafa afgerandi áhrif á tímasetningar samgöngubóta.

Sveitarfélagið hefur kannað hvort unnt sé að draga frekar úr umhverfisáhrifum leiðanna og hvort unnt sé að draga úr kostnaði við D-2. Einnig kannað hjá fjárveitingarvaldinu hvort að líkur séu á 6 ma.kr. viðbótarfjárveitingu.

Sveitarfélagið vinnur að því að setja ítarlega skilmála fyrir veglínu Þ-H, sem snúa að breyttu fyrirkomulagi brúar yfir Djúpafjörð, endurheimt votlendis, uppgræðslu birkiskógar, efnistöku, þverun fjarða, vöktunaráætlun um fiskungviði og botndýralíf, og að huga vistkerfi fjöru. Með breytingum sem hafa orðið á leið um Teigsskóg og skilmálum sem Reykhólahreppur setur framkvæmdinni telur sveitarstjórn að dregið hafi verið sem kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Ávinningur af framkvæmdinni er hins vegar slíkur að hann réttlæti það rask sem verði á umhverfinu. Ávinningur snýr að almannahagsmunum fyrir sveitarfélagið og Vestfirði, með því að bæta verulega samgöngur og auka umferðaröryggi.

Markmið með samgöngubótum

Leið D2 veldur minni umhverfisáhrifum, og samkvæmt áliti Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum veldur hún minnstum neikvæðum áhrifum á náttúrufarsþætti af þeim kostum sem voru til skoðunar hjá Vegagerðinni. Leið D2 er síðri en leið Þ-H gagnvart umferðaröryggi og greiðfærni. Hún kann að hafa alvarleg neikvæð samfélagsáhrif, ef það er svo að fresta þurfi

framkvæmdum vegna kostnaðar og forgangsroðun fjármuna til vegaf framkvæmda á landinu. Því nær leið D2 ekki að uppfylla markmið með samgöngubótum eins og leið Þ-H.

Brýn nauðsyn

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 ber að forðast að raska birkiskógi, sjávarfitjum og leirum, og öðrum verndarsvæðum. Ef ráðast á í framkvæmdir sem hafi áhrif á þessa umhverfisþætti ber að liggja fyrir brýn nauðsyn fyrri slíkum framkvæmdum. Reykhólahreppur telur að brýn nauðsyn sé fyrir hendi og að leitað hafi verið leiða til að draga úr áhrifum m.a. með því að skoða fjölmarga valkosti.

Brýn þörf er á verulegum samgöngubótum í sveitarfélaginu, sem og í samhengi við aðrar nauðsynlegar samgöngubætur á sunnanverðum Vestfjörðum. Báðar leiðir til skoðunar koma til með að bæta núverandi ástand. Þær eru hins vegar ólíkar. Leið Þ-H kostar 6 ma.kr. minna, en hefur talsvert meiri umhverfisáhrif í för með sér. Beðið hefur verið eftir samgöngubótum í a.m.k. 15 ár og þörfin orðin verulega brýn að ekki verði unað við lengri bið. Loks eru jákvæð teikn um byggðaðróun og atvinnuþróun í landsfjórðungnum, sem mikilvægt er að nýta og styðja við. Því þarf að mati Reykhólahrepps að ráðast strax eða sem allra fyrst í samgöngubætur til að auka umferðaröryggi, greiðfærni og stytta leiðir.

Það er brýn nauðsyn og brýnir almannahagsmunir á samgöngubótum á svæðinu. Í undirbúningi fyrir ákvörðun hefur leitað upplýsinga frá sveitarstjórnar- og samgönguráðuneytinu um fjármuni til nauðsynlegra samgöngubóta. Samkvæmt þeim og upplýsingum frá Vegagerðinni mun leið D2 að öllum líkindum verða til þess að enn frekari tafir verði á framkvæmdum ef sú leið verði valinn, þar sem hann er um 6 ma.kr. dýrari en leið Þ-H.

Ekki er um að ræða viðfangsefni sem snýr eingöngu að hagsmunum Reykhólahrepps. Hagsmunirnir taka til Vestfjarða og sunnanverðra Vestfjarða. Samfélagið hefur nú beðið eftir samgöngubótum í mörg ár.

Nægileg og fullnægjandi gögn

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að afla þurfi frekari gagna áður en ákvörðun er tekin um veglínur. Þessi gögn liggja nú fyrir og unnt að taka afstöðu til valkosta. Nýjar rannsóknir eru:

- Botndýralíf (Botndýrarannsókn í Þorskaflíði, Hafró, 2-3 september 2017)
- Fiskungviði (Fiskungviði í þremur fjörðum í Austur Barðastrandasýslu, Hafró, 2017)
- Straummælingar. (Uppfærðar straumhraðamyndir vegna fyrirhugaðra fjarðarþverana í Gufudalssveit, Vatnaskil, minnisblað, 18.10.2017)
- Botnrof. (Uppfærð greining á botnrofi vegna fyrirhugaðra fjarðarþverana í Gufudalssveit)

Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum

Vinna við mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar hefur leitt til þess að talsvert hefur verið dregið úr umfangi neikvæðra umhverfisáhrifa um vegstæði um Teigsskóg.

- Veglínu hagað þannig að hún sneiði hjá fornleifum og votlendi.
- Frá fyrstu hugmyndum hefur verið dregið úr raski á Teigsskóg um rúmlega 30 ha. Sem felst m.a. í breyttri legu vegstæðis og hætt við námur í skóglendinu.
- Fyrri leið í gegnum Teigsskóg (leið B) hafði verið í um 6 km í skóglendi en núverandi leið Þ-H er um 2,15 km í skóglendi.
- Breytingar voru gerðar á hæð vegarins yfir landi til að draga úr sjónrænum áhrifum og minnka rask vegna vegagerðar. Einnig hafði verið gert ráð fyrir efnistöku til vegagerðar við veglínu í Teigsskógi en vegna breyttrar legu og lækkunar vegarins yfir landi þarf nú rúmlega 300 þús. m³ minna efni til vegagerðar sem veldur minna raski.
- Frá fyrstu hugmyndum um þverun fjarða hefur verið dregið úr líklegum neikvæðum áhrifum með því að lengja brýr, stækka op með dýpkun botns (úr 4 í 4,5 m) til þess að minnka straumhraða og miða við 2,0 m/s. Áður var það 2,5 m/s. Með þessu er stuðlað að því full vatnsskipti geti átt sér stað án verulegra tafa frá náttúrulegu ástandi. Slíkt hefur samkvæmt

Hafrannsóknarstofnun og Náttúrustofu Vestfjarða, áhrif á vaxtarskilyrði fiskungviðis, marhálms, botnrof og sjávarfitjar og leirur.

Þrátt fyrir ofangreindar aðgerðir er Reykhólahreppi ljóst að áhrifin verða talsverð neikvæð á náttúrufarsþætti og mikilvægt að grípa til mótvægisáðgerða s.s. endurheimt birkiskógar og votlendis, en jafnframt að fylgjast með þróun umhverfisþátta eftir framkvæmdir.

Önnur útfærsla á leið D2

Leitað hefur verið eftir því að draga úr kostnaði við D-2, m.a. kannaðar ábendingar frá landeigendum og aðilum sem hafa sent inn athugasemdir við skipulagsbreytingu. Niðurstaðan er sú að hægt er að draga úr kostnaði, en verður ávallt til þess að draga úr gæðum lausna þ.e. að umferðaröryggi og greiðfærni verður minna en fyrir D2, sem þegar er lakari en fyrir leið Þ-H. Auk þess sem kostnaðurinn er ávallt talsvert meiri en leið Þ-H. Ódýrasta lausnin á útfærslu D2 er um 3-4 ma. kr. dýrari en leið Þ-H og nær markmiðum framkvæmda enn síður en leið Þ-H.

Aðrir valkostir

Sveitarstjórn hefur tekið til skoðunar alla fimm valkosti sem lagðir voru fram í mati á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar milli Bjarkarlundar og Skálaness. Í kjölfar álits Skipulagsstofnunar ákvað sveitarstjórn að skoða frekar leið D2, jarðgöng, og leið Þ-H. Fram til þessa hefur leið Þ-H verið tillaga Vegagerðarinnar, en hún er líkleg til að hafa talsverð til veruleg neikvæð áhrif á náttúruna. Leið D-2 veldur minni umhverfisáhrifum en er um 6 ma.kr. dýrari en leið Þ-H. Í ljósi þessara staðreynda hefur sveitarstjórn að undanfögnu leitað leiða til að draga úr kostnaði við leið D-2 og draga úr umhverfisáhrifum leiðar Þ-H.

Samkvæmt áliti Skipulagsstofnunar og kostnaðarmati Vegagerðarinnar hefur leið A1 ekki ávinning í för með sér framyfir leiðir D2 og Þ-H. Leið A1 hefur ekki umhverfislegan ávinning umfram D2, þar sem niðurstaða Skipulagsstofnunar segir m.a. að leiðin hafi í för með sér talsvert rask á votlendi og verulega neikvæð áhrif á landslag. Skipulagsstofnun telur að leiðir A1, I og Þ-H séu að öllu samanlögðu líklegar til að hafa í för með sér talsverð til veruleg neikvæð umhverfisáhrif.

Sveitarstjórn hefur leitað upplýsinga hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um fjárveitingar til þessara brýnu samgöngubóta. Leið A1 er dýrasti framkvæmdakosturinn sem var til skoðunar hjá Vegagerðinni. Með hliðsjón af þeim takmörkuðu fjármunum sem eru til skiptanna og þeirrar brýnu þarfar í samgönguverkefnum sem eru um allt land, telur sveitarstjórn miklar líkur á því að enn frekari tafir verði á framkvæmdum ef valinn er kostur A1 eða aðrir kostir.

Það er orðið verulega aðkallandi að ráðast í samgöngubætur og samkvæmt niðurstöðu Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri kann frekari töf á framkvæmdum að hafa í för með sér talsverð neikvæð áhrif á samfélagið á sunnanverðum Vestfjörðum og ógna þeirri jákvæðu samfélagsþróun sem má sjá merki um á svæðinu.

Sveitarstjórn hefur því ákveðið að skoða ekki frekar aðra kosti, þar sem þeir fela í sér talsvert hærri framkvæmdakostnað. Þeir hafa ekki umhverfislegan ávinning umfram þá kosti sem eru til skoðunar í aðalskipulagsbreytingum og eru líklegir til að leiða til enn frekari seinkunar á samgöngubótum en þegar er orðin. Það kann að hafa alvarleg áhrif í för með sér á samfélagið á sunnanverðum Vestfjörðum.

Sveitarstjórn samþykkir með 4 atkvæðum gegn 1 að leið Þ-H verði lögð til grundvallar í aðalskipulagstillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018 vegna vegagerðar um Vestfjarðarveg 60, Bjarkalundur að Skálanesi.

KK lét bóka vegna atkvæðis gegn tillögunni.

Hagsmunir Reykhólahrepps eru skýrir í þessu máli, að farin verði sú leið sem veldur minnstum umhverfisspjöllum, liggur nær bæjunum í Gufudalssveitinni og sátt getur orðið um. Allur samanburður leiða Þ-H og D2 grundvallast af því hvernig þær eru hannaðar og útfærðar. Lengd jarðgangna undir Hjallaháls vekur furðu, sem og brattur sneiðingur upp á Ódrjúgsháls, framanlega á hálsinum en ekki utar þar sem hálsinn er lægri og snjóléttari. Vegagerðin ein hefur

komið að því verki að hanna og úrfæra veglínurnar, en engir hlutlausir fagaðilar með aðra sýn, reynslu og hugmyndir að lausnum. Betur útfærð jarðgangnaleið er eina raunhæfa leiðin til að losa málið úr þeim átakafarvegi sem það hefur verið í allt of lengi og sættir sjónarmið umhverfis og vegagerðar.

Skammtíma fjárhagshagsmunir eiga ekki að ráða för þegar teknar eru ákvarðanir um framkvæmdir sem valda óafturkræfu raski á viðkvæmri náttúru og lífríki. Okkur ber að skila landinu í ásættanlegu horfi til komandi kynslóða.

2. 1803011 - Undirskriftarlisti afhentur 8. febrúar 2018.

Krafa um að sveitarstjórn taki aftur upp A leið með sjávarfallavirkjun í þverun Þorskafjarðar.

Lagður er fram undirskriftarlisti sem afhentur var sveitarstjórn þann 8. febrúar 2018 af Vilborgu Ásu Fossdal, Reyni Róbertssyni og Einari Kristni Sveinbjörnssyni, með yfirskriftinni; Undirritaðir leggja fram þá kröfu að sveitarstjórn Reykhóla taki aftur upp leið (A) það er að segja þverun með brú yfir mynni Þorskafjarðar með sjávarfallavirkjun frá Árbæ yst á Reykjanesi yfir á Skálanes.

Sveitarstjórn vísar í bókun hér að ofan í lið 1. Aðrir valkostir. Samþykkt samhljóða.

3. 1803012 - Íbúaskrá Reykhólahreppur 1. desember 2017.

Farið yfir íbúarskrána.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við íbúaskrána. Samþykkt samhljóða.

4. 1803007 - Brunavarnaráætlun sveitarfélaganna Dalabyggðar, Strandabyggðar og Reykhólahrepps.

Samkvæmt 13. gr. laga brunavarna, nr. 75/2000 skal liggja fyrir brunavarnaráætlun á starfssvæði slökkviliða.

Brunavarnaáætlunir hafa verið gerðar fyrir Dalabyggð (2007) og Strandabyggð (2006) en þær eru úr gildi fallnar. Gerð voru drög að brunavarnaáætlun fyrir Reykhólahrepp árið 2008 en áætlunin var ekki staðfest.

Á fundi oddvita og sveitarstjóra Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar sem haldinn var 1. mars sl. var samþykkt að leggja til að sveitarfélögin vinni saman að gerð brunavarnaáætlunar.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að láta vinna sameiginlega brunavarnaáætlun fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð með fyrirvara um samþykki hinna sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn samþykkir að fela Kristjáni Inga Arnarssyni tæknifræðingi að gera drög að áætluninni með aðstoð slökkviliðsstjóra Dalabyggðar og í samvinnu við slökkviliðsstjóra Reykhólahrepps og Strandabyggðar og Mannvirkjastofnun. Gert verði ráð fyrir að fyrstu drög áætlunarinnar verði lögð fyrir fundi sveitarstjórna í maí 2018.

Gert verði ráð fyrir sameiginlegri yfirstjórn og eldvarnaeftirliti en slökkviliðin verði að öðru leyti rekin af hverju sveitarfélagi fyrir sig. Gert verði ráð fyrir fullburða útkallseiningum í Búðardal, Reykhólum og Hólmavík en náð samstarf haft um stærri útköll, bakvaktir og æfingar eftir því sem kostur er. Slökkviliðunum verði falið að hafa umsjón með mengunarvörnum í höfnum sbr. reglugerð nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

Samþykkt samhljóða.

5. 1803003 - Greining á möguleikum á gerð tillögu um uppfærslu á raforkuflutningskerfi í dreifbýli.

Erindi frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti dagsett 8. feb. 2018.

Lagt er fram erindi frá starfshópi sem skipaður var til að greina möguleika og gera tillögur um uppfærslur á raforkuflutningskerfi í dreifbýli með áherslu á þrífösun rafmagns, leitar til sveitarstjórna í landinu og biður um upplýsingar um hvar sé mest og brýnust þörf á tengingu við þriggja fasa rafmagn.

Farið yfir erindið, sveitarstjóra falið að koma upplýsingum á framfæri við starfshópinn. Samþykkt samhljóða.

6. 1803005 - Útgáfa árbókar Barðastrandarsýslu 2017, beiðni um styrk.

Erindi frá Sögufélagi Barðastrandarsýslu dagsett 29. janúar 2018.

Sveitastjórn samþykkir að styrkja útgáfu árbókar Barðastrandarsýslu 2017 um kr. 50.000,-. Samþykkt samhljóða.

7. 1803006 - Vestfjarðavíkingurinn 2018, beiðni um styrk.

Erindi frá Magnúsi Ver Magnússyni dagsett 23. febrúar 2018.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið Vestfjarðavíkingurinn 2018 um kr. 90.000,-. Samþykkt samhljóða.

8. 1801006 - frumvörp og þingsályktanir frá nefndarsviði Alþingis.

7.1 Frumvarp til laga um útlendinga (réttur barna til dvalarleyfis), 34. mál.

7.2 Frumvarp til laga um ættleiðingar (umsagnir nánustu fjölskyldu), 128. mál.

7.3 Frumvarp til laga um íslenskan ríkisborgararétt og barnalög (ríkisfangsleysi), 133. mál.

7.4 Frumvarp til laga um útlendinga (fylgdarlaus börn), 42. mál.

7.5 Þingsályktun um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál.

7.6 Þingsályktun um bættu stjórnarsýslu í umgengnismálum, 90. mál.

7.7 Frumvarp til sveitarstjórnarlaga (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 190. mál.

7.8 Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál.

7.9 Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, (brottfall kröfu um ríkisborgararétt), 35. mál.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

9. 1803002 - Ungmennaráð, drög að erindisbréfi.

Lögð eru fram drög að erindisbréfi vegna stofnunar ungmennaráðs í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna frekar í drögunum.

10. 1801007 - Kostnaðarmat við frumvarp til laga um persónuvernd.

Lagt fram og kynnt.

11. 1801015 - Uppgjör sveitarfélaga við Brú lífeyrissjóð vegna laga nr. 127/2016.

Erindi frá samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti dagsett 8. febrúar 2018.

Lagt fram og kynnt.

12. 1803009 - Sæferðir, undanþága frá tilkynningum um úrgang og farmleifar.

Afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Sæferða dagsett 25 janúar 2018.

Lagt fram og kynnt.

13. 1803010 - Styrktarsjóður EBÍ 2018.

Lagt fram og kynnt.

14. 1801005 - Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 26. febrúar 2016.

Fundargerð lögð fram ásamt ársreikningi 2017.

15. 1802005 - Fundargerð stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 7. febrúar 2018.

Fundargerð lögð fram.

16. 1801003 - Fundargerð 857. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

17. 1803013 - Viðhalds- og viðgerðarþörf á Reykhólahöfn.

Erindi frá Þörungaverksmiðjunni dagsett 5. mars 2018.

Formanni hafnarnefndar og sveitarstjóra falið að funda með Þörungaverksmiðjunni. Samþykkt samhljóða.

18. 1803014 - Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 23. mars 2018, fundarboð.

Fundarboð lagt fram.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:10

_____	_____
_____	_____
_____	_____